

STF-2017-15 Markaðssetning Natural Treasure

Sala á Natural Treasure hófst sumarið 2014 en hefur ekki gengið eins og vonast var eftir. Gera þarf átak í markaðssetningu á vörunni og þarf að útbúa nýtt markaðsefni sem nær vel til markhópsins. Natural Treasure er minjagripur en er einnig skemmtilegur afþreyingarmöguleiki í Skaftárhreppi en kynna þarf betur hvaða möguleika krukkurnar hafa uppá að bjóða fyrir ferðamenn. Með Natural Treasure er hægt að tvíanna saman náttúrufræðslu, gönguferð og eigulegan minjagrip af svæðinu sem auk þess skemmir ekki náttúruna. Kynna þarf þetta betur fyrir mögulegum kaupendum á krukkunum. Því þarf að fara í vinnu til þess að ná að grípa betur athygli ferðafólks og ferðaskipuleggjenda á minjagripnum. Byrja þarf á að kanna möguleika á breytingum á minjagripnum með það að markmiði ferðamenn taki betur eftir vörunni og þeim afþreyingarmöguleika sem hún býður uppá og að salan aukist. Skoða þarf að færa torfbæinn á hentugri staðsetningu þar sem það væri fellt inn í fjölfarnari gönguleiðir og myndi þannig auka áhuga, forvitni og sölu á minjagripnum. Ef það yrði gert þyrfti að útbúa nýjan bækling með minjagripnum sem inniheldur kort af hvar efnið í minjagripinn er að finna. Auk þess sem þyrfti að festa nýjan miða með kortinu á krukkurnar. Þetta þarf að klára áður en vinna við markaðsefni hefst. Nýja markaðsefnið þarf að vera bæði myndband og prentefni, með möguleika á að nota í blöðum, tímaritum, jafnt sem internetinu, samfélagsmiðlum og helstu sölustöðum Natural Treasure. Gert verður myndband sem hægt verður að sýna á sölustöðum Natural Treasure og sem einnig verður hægt að nýta sem kynningarefni á vefmiðlum sem styttra myndband. Verður því gert eitt einnar mínútu myndband og 2-3 önnur styttri (15 sek) myndbönd sem nýtast betur á samfélagsmiðlum og ná góðu áhorfi og dreifingu. Búið er að fá tilboð í myndböndin.

Verkefninu var úthlutað kr. 600.000.- í seinni úthlutun ársins 2017.